

Mál nr. 262/2015
M og
vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar X.

Skaðabótaábyrgð fasteignareiganda vegna slyss 5. september 2014.

Gögn.

1. Málskot móttengið 2. júlí 2015 ásamt gögnum.
2. Bréf V dags. 11. ágúst 2015.
3. Bréf lögmanns M dags. 19. ágúst 2015

Málsatvik.

Í málinu er upplýst að M hafi verið á leið inn um dyr með sjálfvirkum hurðabúnaði í fasteigninni B þegar hún varð fyrir líkamstjóni. M lýsir atvikum með þeim hætti að hún hafi opnað hurðina með fjarstýringu og eftir skamma stund, þegar hún ætlaði að ganga inn um dyrnar, hafi hurðin lokast á hana með þeim afleiðingum að hún slasaðist.

M telur að fasteign X hafi verið vanbúin í þeim skilningi að ekki hafi verið sérstakur skynjari þeim megin við hurðina sem M gekk um hana en slíkur búnaður hefði komið í veg fyrir að hurðin lenti á M. Vísað er til byggingareglugerðar nr. 112/2012 í því sambandi þar sem kemur fram í gr. 6.1.1. og 6.1.4. um að umferðarleiðir og annar aðbúnaður í byggingum skuli vera öruggur m.t.t. þeirra nota sem byggingunni eru ætluð. M vísar til þess að Boðarþing 22 sé fasteign þar sem boðið er upp á íbúðir fyrir eldri borgara og verði að taka tillit til þess þegar hurðabúnaður sé stilltur. Það hafi verið auðvelt að setja upp frekari skynjara og það hafi verið gert strax eftir slys M.

V vísar til þess að sú hurð sem M vísar til hverri verið tekin út af eftirlitsmanni byggingarframkvæmdar að Boðarþingi 22 í maí 2013 án þess að nokkrar athugasemdir hafi verið gerðar auk þess sem búnaður hurðarinnar er CE-merktur og vottaður. V telur að ekki sé sýnt að búnaðurinn hafi verið ófullnægjandi m.v. not byggingarinnar og vísar til þess að hurðabúnaður sé sambærilegur og annars staðar auk þess sem fjöldi fólks hafi gengið um sambærilegar hurðir hjá X án þess að slys hafi orðið. V telur því ekki sýnt að slys M hafi orðið vegna vanbúnaðar á hurðinni eða öðrum atvikum sem X ber skaðabótaábyrgð á.

Álit.

Við mat á því hvort hurðabúnaður fasteignarinnar B hafi talist fullnægjandi á slysdegi, m.t.t. gildandi laga og reglugerða eða leiðbeininga, verður að líta til framlagðra gagna. Búnaðurinn var settur upp og tekin út af eftirlitsaðilum rúmlega ári fyrir slysið. Í vottunargögnum og öðrum gögnum sem X hefur lagt fram verður ekki séð að vanbúnaður hafi verið á umbúnaði hurðarinnar eins og hún var sett upp. Það sem stendur eftir er mat á því hvort nauðsynlegt hafi verið m.t.t. nota fasteignarinnar að setja upp frekari skynjara við hurðina til að koma í veg fyrir að hún lokaðist. Það að X hafi ákveðið að gera það eftir slys M leiðir ekki sjálfkrafa til skaðabótaskyldu hans. Verður ekki séð að sýnt hafi verið fram á að slíkar aukaráðstafanir hafi verið nauðsynlegar, í þeim skilningi að aðstæður fyrir þær ráðstafanir hafi verið í bága við gildandi lög og reglur. Hurðin var búin öryggisbúnaði sem gerði ráð fyrir því að hún opnaðist ef fyrirstaða er við lokun og virkaði sá búnaður á slysdegi. Einnig verður litið til fjölda þeirra sem ganga um sambærilegar hurðir án þess að liggi fyrir að frekari slys hafi orðið. Ekki verður því fallist á skaðabótaábyrgð X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík 1. september 2015.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Ólafur L. Einarsson hdl.

Jón Magnússon hrl.